

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. og 65. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 58/1978.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

11. desember 1980.

Nr. 624.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129/1971 um notkun og bann við notkun til-
tekinna eiturefna og hættulegra efna ásamt breytingu nr. 5/1973.

1. gr.

Ný grein, er verði 10. gr. orðist svo:

VATNSBLÖNDUN METANÓLS

10. gr.

Heimilt er oliuinnflytjendum að selja sem eldsneyti á flugför vatnsblöndur metanóls án þess, að til kaupanna þurfi sérstök leyfi, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 131/1971 um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa. Heimildin er bundin því skilyrði, að þessar vatnsblöndur metanóls séu tryggilega geymdar og afgreiddar beint í sérstaka geyma í flugförum.

Seljandi skal færa upplýsingar um selt magn metanóls í þar til gerða sölubók, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur til, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 419/1976 um breytingu á reglugerð nr. 132/1971 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

2. gr.

10. gr. verði 11. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 16. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

20. nóvember 1980.

Nr. 625.

AUGLÝSING

um breyting á reglum nr. 49/1965 með breytingu samkvæmt auglýsingu
nr. 32/1966, um starfsemi Íslenskrar málnefndar.

2. gr. reglnanna orðist þannig: Í Íslenskri málnefnd skulu eiga sæti fimm menn, skipaðir af menntamálaráðherra. Skulu a.m.k. tveir þeirra vera kennarar í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands eða starfsmenn við stofnanir háskólans.

A. m. k. einn nefndarmanna skal hafa lokið háskólaprófi í íslenskri málfræði sem sérgrein. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár. Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. nóvember 1980.

Ingvar Gíslason.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Við vesturbrún Hafnargötu, frá horni Brimbrjótsgötu norður að mótum Hafnargötu og Aðalstrætis, eru bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur.
2. Við austurbrún Hafnargötu eru bifreiðastöður bannaðar frá horni Brimbrjótsgötu norður að bifreiðastæðum vestan frystihúss.
3. Á Vitastíg (beggja vegna götunnar) frá Hafnargötu að Aðalstræti eru bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Þuríðarbraut (beggja vegna götunnar) frá Hólsárbrú að gatnamótum sunnan við bensinstöð Oliufélagsins Skeljungs hf.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík 3. nóvember 1980.

Halldór Kristinsson.